

## **1. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Fyrsti fundur í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannaástaða var haldinn mánudaginn 8. ágúst 2011 kl. 10:00 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Fjarverandi:** Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) vegna sumarleyfis.

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

### **1. Starfsemi stjórnar**

Starfsemi sjóðsins verður í húsakynnum Ferðamálastofu. Starfsmaður hans þar verður Sveinn Rúnar Traustason umhverfisstjóri FMS. Jón Ágúst Þorsteinsson rekstrarstjóri FMS mun hafa umsjón með fjársýslu sjóðsins og Katrín Gylfadóttir verkefnastjóri FMS mun sjá um fundarritun og vörslu gagna.

Ákveðið var að stefna að því að hafa næsta stjórnarfund þriðjudaginn 30 ágúst kl. 8:30 að sumarleyfum loknum.

### **2. Drög að starfsreglum stjórnar.**

Farið var yfir ýmis atriði í drögum að verklags-/starfsreglum sem voru í gögnum frá iðnaðarráðuneyti. Sérstaklega var rætt um grein II. Styrkhæf verkefni þar sem verkefni eru flokkuð í þrjá meginflokkar:

**a) Skipulagsáætlanir s.s. deiliskipulag, umhverfisskipulag og önnur skipulagsvinna.**

*Hér undir eru að öllu jöfnu **ekki** verndaráætlanir, öryggisáætlanir, stjórnunaráætlanir og aðrar slíkar áætlanir afmarkaðra svæða.*

Tekið skal fram að orðið verndaráætlun kemur hvergi fyrir í lögum nr. 75/2011. Töluvert var rætt um hvar mörkin á milli verndaráætlana og annarra áætlana liggja.

Fram komu ábendingar um eftirfarandi: Bæta við skýrslugjöf um framvindu verkefna. Í V.grein Mat á umsóknum er talað um byggðaaáætlun en ekki sóknaráætlanir fyrir landshlutana eins og eðlilegt væri.

Fundarmenn munu skoða drög að verklags-starfsreglum betur fyrir næsta fund. Þá verða teknar fyrir þær athugasemdir sem koma.

### **3. Tillögur að úthlutun úr sjóðnum í ár.**

Það er ljóst að ekki næst að auglýsa eftir umsóknum, veita tilskilinn umsóknarfrest, fara yfir umsóknir og gera tillögur að úthlutun úr sjóðnum á þeim tíma sem eftir er ársins.

Í gögnum iðnaðarráðuneytisins eru þrjár listar með hugmyndum að fyrstu verkefnum sjóðsins: Minnisblað umhverfisráðuneytisins, Hugmyndir að fyrstu verkefnum (49 staðir) og Hugmyndir að fyrstu verkefnum (48 milj. kostnaðaráætlun) en hann mun vera nýjasti listinn frá Ferðamálastofu. Rætt um að vinna tillögur að úthlutun þess sem er á fjárlögum í ár upp úr nýjasta listanum.

Sveinn tekur að sér að vinna úr upplýsingum um staðina og hvar peningarnir nýtast best. Nokkur verkefni munu vera tilbúin til framkvæmda og hægt er að forgangsraða þeim stöðum þar sem undirbúa þarf hönnunarsamkeppni. Ekki er talið ráðlegt að setja margar hönnunarsamkeppnir af stað á sama tíma.

Sveinn benti á Skógarfoss ætti að vera tilbúinn í vor og gildandi deiliskipulag Hveravalla frá 2002 væri til. Umhverfisstofnun er að vinna að deiliskipulagi að fjallabaki. Mikilvægt er að Landmannalaugar fari í ferli.

#### **4. Tillögur að úthlutun úr sjóðnum á næsta ári.**

Stefnt er að því að auglýst verði eftir umsóknum um miðjan október, umsóknarfrestur verði fram í miðjan desember og úrvinnslu stjórnar lokið um miðjan febrúar.

Ekki var tekin afstaða til þess hvenær auglýst verður eftir umsóknum um seinni úthlutun ársins.

Sveinn er með með exel skjal í vinnslu um úthlutanir síðustu ára úr úrbótasjóði FMS. Hann mun vinna þennan lista með gögnum fyrir næsta fund og senda rafrænt með fundarboði. Hann mun einnig senda auglýsingu sem ekki náðist samstaða um að senda um umsóknir í Framkvæmdasjóðinn.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 30.ágúst kl. 08:30 ef Sævar staðfestir fundartíma.

Fundi slitið 11:15.

Reykjavík 8.ágúst 2011/Katrín.